

Þriðjudaginn 15. desember 1970.

Nr. 153/1970. Félag landeigenda á Laxárvæðinu

(Sigurður Gizurarson hdl.)

gegn

Laxárvirkjun (Friðrik Magnússon hrl.).

og Norðurverki h/f og gagnsakir

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Logi Einarsson og
prófessor Gaukur Jörundsson, Þórður Björnsson yfirsakadómari
og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.**

Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Málsaðiljar hafa fallið frá áfrýjun úrskurðar fúgetadóms Þingeyjarsýslu, sem gekk hinn 16. júlí 1970. Tekur áfrýjun málsins því til úrskurðar fúgetadóms, sem kveðinn var upp hinn 4. ágúst 1970 af Magnúsi Thoroddsen setufúgeta og verkfræðingunum Gunnari Sigurðssyni og Ögmundi Jónssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum hinn 14. ágúst og 28. september 1970. Dómkrofur hans eru þær, að lagt verði lögbann við framkvæmdum Laxárvirkjunar við Brúar í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu til virkjunar á Laxá samkvæmt Gljúfurversáætlun um 1. áfanga. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr höndum gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. september 1970. Hann krefst þess aðallega, að synjað verði um framgang lögbanns og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir fúgetadómi og Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara er þess krafizt, að aðaláfrýjanda verði gert að setja tryggingu fyrir framgangi lögbannsins „til greiðslu alls fjártjóns og miskabóta, sem gagnáfrýjanda Laxárvirkjun kann að stafa af gerðinni. Tryggingarfjárhæð verði peninga- eða bankatrygging, er nemi 145 milljónum króna, eða önnur lægri fjárhæð“ eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi Norðurverk h/f hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. október 1970. Krefst hann aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Varakrafa hans er, ef lögbannið nái fram að ganga, að sett verði „eigi lægri trygging af hálfu aðaláfrýjanda en kr. 145 milljónir (annaðhvort peninga — eða bankatrygging), þar af trygging“ Norðurverki h/f „til handa að fjárhæð kr. 107.105.000.00 og málskostnaður látinn niður falla“.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eins og sakarefni í máli þessu er háttað, var fógeta heimilt að kveðja til sérfróða meðdómendur, sbr. 5. gr. laga nr. 18/1949, en 223. gr. laga nr. 85/1936 geymir ekki tæmandi talningu á þeim ákvæðum laganna, sem beitt verður um fógeta-dóm og málsmeðferð þar.

Af gögnum málsins og málflutningi aðilja verður ráðið, að ákvörðun um framkvæmd fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar, er í málinu greinir, hefur ekki verið kynnt landeigendum við Laxá né öðrum þeim, er kunna að eiga hagsmuni í húfi, á þann hátt, sem segir í c lið 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur þessum aðiljum ekki, svo að viðhlitandi sé, verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna vegna fyrrgreindra framkvæmda. Af þessum sökum verður eigi talið, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hafi sýnt ótvírætt fram á, að nefndur áfangi greindrar virkjunar hrófli ekki svo við rennsli Laxár, að bótaskyld tjón hljóti af. Ber að meta og bæta slíkt tjón eða setja tryggingu fyrir bótum í samræmi við nánari reglur í XV. og XVI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, áður en rennsli Laxár er breytt með þeim hætti, sem virkjun árinna í nefndum fyrsta áfanga hefur í för með sér. Af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda að því leyti, sem krafizt er lögbanns við því, að breytt sé rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni. Ber fógetaðómi því að leggja á lögbann að þessu leyti gegn tryggingu af hálfu aðaláfrýjanda, sem fógetaðómur metur gilda. Hins vegar verður ekki

fallið á, eins og á stendur, að rök séu til að leggja að öðru leyti lögbann við framkvæmdum þeim, sem nú eru hafnar við Laxá á umráðasvæði gagnáfrýjanda Laxárvirkjunar.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 120.000.00, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Setji aðaláfrýjandi, Félag landeigenda á Laxárvæðinu, tryggingu, sem fógetadómur metur gilda, er lagt fyrir fógetadóm að leggja lögbann við því, að breytt sé rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni.

Málskostnaður í máli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Norðurverks h/f í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gagnáfrýjandi Laxárvirkjun greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 120.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Þingeyjarsýslu 4. ágúst 1970.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 28. f. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Félags landeigenda á Laxárvæðinu höfðað með lögbannsbeiðni til sýslumannsins í Húsavík, Jóhanns Skaptasonar, dags. 30. maí 1970.

Kröfur gerðarbeiðanda fyrir fógetaréttinum eru þær, að úrskurðað verði lögbann við virkjunarframkvæmdum við Laxá, sem Norðurverk h/f hefur hafið fyrir Laxárvirkjun. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola Laxárvirkjunar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gerðarþoli Laxárvirkjun gerir þær kröfur, að synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og gerðarbeiðanda verði gert að greiða Laxárvirkjun málskostnað fyrir fógetadómnum. Ef lögbannsgerðin verður tekin til greina, krefst gerðarþoli Laxárvirkjun þess, að gerðarbeiðanda verði gert að setja 145 milljón króna tryggingu, er verði annað hvort peninga- eða

bankatrygging, með tilvísun til 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

Af hálfu gerðarþola Norðurverks h/f, Akureyri, eru gerðar þær réttarkröfur aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og gerðarbeiðanda gert að greiða Norðurverki h/f málskostnað að skaðlausu. Verði lögbann lagt á, krefst Norðurverk h/f þess, að sett verði trygging af hálfu gerðarbeiðanda að fjárhæð eigi lægri en 145 milljónir króna. Af þeirri tryggingarfjárhæð krefst Norðurverk h/f tryggingar sér til handa frá gerðarbeiðanda, annað hvort peninga eða bankatryggingar, er nemi eigi lægri fjárhæð en kr. 107.105.000.00, samkvæmt 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 27. gr. sömu laga.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun hefur látið hana raforkuver í Laxá. Er það svo nefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun á hún að verða samtals 54.6 MW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um þetta erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969. Þar sem þessi umsögn er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild.

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate projetc report“ og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6

MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinna við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki ætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjór-um, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn að báðum vélum, ef Suðurá verður síðar veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxárvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er samkv. áætluninni hækkan stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkan þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxárvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórdi áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í 2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnun hefur áður látið í ljósi, fær hún ekki annað séð en að sú virkjun, sem framangreind áætlun frá janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin

hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verður auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölbætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúrufar í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega á misskilningi byggð, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki áður borizt að við rannsókn og áætlanagerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlanna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðarins, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómasson, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni“.

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúrufar. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni haggja þeirri niðurstöðu rannsókna og áætlunargerðar, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umrædds falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfisveitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7,000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar.

Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvíst sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12,000 kílówatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun, og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísun til framanritaðs vill Orkustofnun mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins“.

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14.7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hinsvegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit

eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu hafa valdið miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxárvæðinu. Hafa þeir stofnað með sér félagsskap, Félag landeigenda á Laxárvæðinu, er lögmaður þeirra upplýsti við munnlegan flutning málsins, að 78 menn stæðu að. Enn fremur gat lögmaðurinn þess, að stjórn þessa félags hefði falið sér að óska eftir lögþingi þessu. Hins vegar liggur ekki fyrir almenn fundarsamþykkt um málshöfðun þessa að sögn lögmanns gerðarbeiðanda. Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem nefnist: „Samþykktir landeigenda og ábúenda við Laxá í S.-Þing.“. Í meginmáli skjals þessa segir m. a. svo: „Vér undirritaðir landeigendur og ábúendur við Laxá í S.-Þingeyjarsýslu höfum bundið órofa samtökum einn fyrir alla og allir fyrir einn um að verja rétt vörn og framtíðarvelferð Laxár“. Síðasta málsgrein þessa skjals hljóðar svo: „Fari svo, að byrjunarframkvæmdir verði ákveðnar við Gljúfurversvirkjun og framkvæmdir hafnar í andstöðu við oss, munum vér beita öllum tiltækum ráðum til að hindra þær“.

Vegna þeirrar mótstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í S.-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxárvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem fram höfðu komið. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefndar Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til 7 aðilja, þar á meðal til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxárvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallast á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun.“

Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita mundu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina

vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknunum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxárvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðum, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S.-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxárvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á, til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun eða samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um viðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast og Húsa-víkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar hafa tjáð sig um og talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatns-

rennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast“.

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum“.

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðstoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófreistað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að“.

Hinn 25. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tók að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk unnið á tímakaupi að upphæð kr. 8.877.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf taka að sér smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2—3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals um 181 milljón króna. Vélabúnaður o. fl. er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að muni kosta 165.2 milljónir króna. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema um 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartíma, sem er áætlaður um 28 milljónir, og ekki heldur undirbúningskostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna.

Knútur Otterstedt, framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, hefur komið fyrir réttinn og borið, að búið sé að hanna hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f orkuver í Laxá að stærð 54.6 MW, ef Suðurárveita kæmi til. Hann kvað Norðurverk h/f hafa með samningi við Laxárvirkjun tekið að sér allar byggingar, þar með talin gerð jarðgangna og stöðvarhúss fyrir fyrsta áfanga orkuversins, svo sem hann hafi verið leyfður. Hann sagði, að sá áfangi, sem nú er byrjað á, væri ekki sjálfstæður áfangi, en hins vegar væri tæknilegur möguleiki að nýta hann einan, þótt eigi yrði

haldið áfram virkjunarframkvæmdum. Knútur Otterstedt kvað jarðgöngin við þennan áfanga eiga að geta tekið við $Q = 80$ kl/s, sem mundi nægja einnig fyrir Suðurárveitu, ef hún yrði leyfð. Jafnframt tók hann fram, að mismunurinn á radius á jarðgöngum, sem taki $Q = 70$ kl/s og 80, sé um 15 cm. Hann kvað það enga fyrirstöðu fyrir því að taka við Suðurárveitu, enda þótt göngin hefðu verið gerð fyrir $Q = 70$ kl/s, hins vegar yrði það óhagkvæmara vegna aukningar á falltöpum. Knútur sagði, að samkvæmt verksamningnum við Norðurverk h/f eigi það fyrirtæki að vera búið að skila framangreindu verki 1. nóvember 1972, nema óviðráðanleg atvik hamli. Enn fremur sé áætlað, að fyrsti áfangi komist í gagnið á sama tíma.

Með lögbannsbeiðni 30. maí 1970 óskaði gerðarbeiðandi, að lagt yrði lögbann við framangreindum virkjunarframkvæmdum í Laxá. Með úrskurði, uppkveðnum 3. júní 1970, vék hinn reglulegi fógeti, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Hinn 18. júní 1970 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma fógetaréttarmál þetta. Hefur setudómarinn kvatt með sér í dóminn þá dr. Gunnar Sigurðsson og Ögmund Jónsson verkfræðinga.

Gerðarbeiðandi rökstyður lögbannskröfu sína með því, að allar líkur séu á, að verið sé að hefja virkjunarframkvæmdir samkvæmt hönnun Gljúfurversvirkjunar, sem enga lagaheimild hafi. Því kunni að vera mælt í mót, að hér sé aðeins um fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar að ræða, sem ekki muni veita meira afl en ráðuneytði hafi heimilað, þ. e. 8 MW. Óhaggað standi samt sem áður, að með slíkum framkvæmdum sé gengið í berhögð við samkomulagið við ráðuneytið, þar sem útilokað sé, að hönnun Gljúfurversvirkjunar hafi verið endurskoðuð á svo skömmum tíma, sem liðinn sé, frá því samkomulagið við ráðuneytið var gert, sbr. bréf iðnaðarráðuneytisins, dags. 13. maí 1970.

Það sé ótvírætt, að Gljúfurversvirkjun, ef reist verður, muni valda tugum bænda á Laxárvæðinu miklu tjóni auk óbætannlegra spjalla á íslenzkum náttúruverðmætum. Virkjunarframkvæmdir þessar feli því í sér vafalausán skaðatilgang, sem enga stoð hafi í lögum. Þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að leyfi raforkumálaráðherra til virkjunarframkvæmdanna samkvæmt bréfi frá 23. september 1969 hafi enga lagastoð, og sé því ógilt að íslenzkum lögum. Leyfi þetta sé byggt á röngum forsendum, illa undirbúið og órökstutt.

Þá vitnar gerðarbeiðandi kröfu sinni til stuðnings í 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, en í þeirri grein segir, að enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, og sú skylda styðjist við lagafyrirmæli. Enn fremur segi í 2. gr. stjórnarskrárinnar: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið“. Það þurfi því ótvíæða lagaheimild, til að gengið verði á rétt og hagsmuni bænda á Laxárvæðinu. Skipti það ekki máli, hvort það sé Laxárvirkjunarstjórn eða ráðherra, sem taki ákvarðanir um framkvæmdir, sem ekki hafi lagastoð. Framkvæmdir þessar séu samkvæmt áætlun, sem fari stórlega út fyrir lagaheimildir, og það hafi eigi verið tilgangur laganna um Laxárvirkjun nr. 60/1965 að heimila svo stóra virkjun, sem nú hefur verið hönnuð í Laxá, sem er hin svonefnda Gljúfurversvirkjun. Sé því um ótvíæðan tilgang til réttarbrots að ræða, sem valdi bændum stórkostlegu tjóni og miska, um leið og fyrsta skóflustunga verksins er tekin. Þá bendir gerðarbeiðandi á, að á árinu 1967 hafi tveir bændur í Laxárdal í Reykdælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu sótt um lán til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna fyrirhugaðra bygginga á fjárhúsum og hlöðum á ábýlisjörðum sínum. Hafi stjórn Stofnlánadeildarinnar verið kunnugt um áform Laxárvirkjunar um stíflugerð í Laxárdal og leitað umsagnar landnámsstjóra um lánsbeiðnir þessar. Hafi umsagnir landnámsstjóra verið jákvæðar, en stjórn Stofnlánadeildarinnar eigi séð sér fært að samþykkja lánabeiðnir þessar eingöngu vegna þeirrar óvissu, er ríkti um framtíð þessara jarða út af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum í Laxá.

Að endingu heldur gerðarbeiðandi því fram, að það leiði ótvírátt af reglum stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, vatnalaganna nr. 15/1923 og sveitarstjórnarlaganna nr. 58/1961, að bændur á Laxárvæðinu eigi rétt á, að fyrst séu gerðir samningar við þá um sölu eða aðra afhendingu á þeim verðmætum, sem stjórn Laxárvirkjunar virðist ætla sér að skerða, áður en framkvæmdir séu hafnar.

Gerðarþoli Laxárvirkjun rökstyður synjunarkröfu sína gegn hinni framkomnu lögbannsbeiðni með því, að framkvæmdin, sem lögbannsgerðinni sé ætlað að banna, sé heimiluð með leyfi atvinnumálaráðherra, dags. 23. september 1969, samkvæmt heimild í 4. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun. Samkvæmt því leyfi ráðuneytið Laxárvirkjun að hefjast handa um viðbótar-

virkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun með um 7.000 KW afli. Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann auka-kostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, kveðist ráðuneytið út af fyrir sig ekkert hafa við það að athuga. Hins vegar taki ráðuneytið fram, að engin fyrirheit séu gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög nr. 60/1965 geri ráð fyrir.

Iðnaðarráðuneytið taki fram í yfirlýsingu sinni, dags. 13. maí 1970, að samkomulag sé um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu. Enn fremur sé það tekið fram, að ekki verði teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eigi nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxárvæðinu. Þetta hafi gerðarbeiðanda verið kunngert með sendingu samhljóða bréfs.

Staðhæfingum gerðarbeiðanda um það, að leyfi ráðherra til virkjunarinnar hafi enga lagastoð og sé því ógilt að lögum, er mótmælt. Lagaheimild sé fyrir hendi. Einnig er því mótmælt af hálfu gerðarpola, að með framkvæmdinni sé brotin fyrirmæli 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Ekki sé krafizt afhendingar á landi eða réttindum vegna virkjunarinnar. Framkvæmdin, sem leyfð sé, raski ekki með ólögætum hætti rétti gerðarbeiðanda. Engin breyting verði gerð á vatnsborði eða rennsli Laxár með þessari virkjun.

Þá bendir gerðarþoli á það, að gerð þrýstivatnsgangnanna af þeirri stærð, sem ákveðin er, sé réttlætanleg í framkvæmd, hvort sem Suðurárveita verði gerð eða ekki. Göngin séu hönnuð fyrir Q — 80 kl/s rennsli í stað Q — 70 kl/s, sem annars hafi verið gert. Nemi aukinn kostnaður 0.64 af hundraði af heildarkostnaði við hina leyfðu framkvæmd, eða um 2 milljónir króna. Ráðgefandi verkfræðingur Laxárvirkjunar telji þetta lítil útgjöld vegna svo veigamikils máls og eigi því ekki að hika við framkvæmdina. Gerð gangnanna af þessari stærð minnki falltöp þeirra, af því leiði, að aflaukning verði 83 KW og orkuaukning 175 þúsund KW h/ár.

Laxárvirkjun sé eigandi að vatnsaflí í Laxá fyrir löndum jarðanna Brúa og Presthvatns ásamt nægilegu landi meðfram ánni til starfrækslu á vatnsaflinu, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Akureyrarkaupstaðar, dags. 27. marz og 27. apríl 1962, og

afsal fyrir kirkjujörðinni Presthvammi, dags. 14. september 1915. Allt verk við byggingu á aflstöðvarhúsi og vatnsgöngum frá stíflu að aflstöðvarhúsi, sem nothæf væru, ef stærri virkjun yrði leyfð síðar, verði unnið á landi og athafnasvæði Laxárvirkjunar og valdi engri rönskun eða tjóni á réttindum eða löndum gerðarbeiðanda. Engin fyrirheit séu gefin um leyfi til stærri virkjunar en þegar hafi verið leyfð. Þessar framkvæmdir séu því gerðarbeiðanda óviðkomandi. Hann eigi enga aðild til íhlutunar um þær. Þótt fyrirhuguð vatnsgöng og aflstöðvarhús geti hentað til nota einnig fyrir síðari virkjun, ef leyfð yrði, veiti það ekki gerðarbeiðanda rétt til að beita lögbanni gegn byggingu þessara mannvirkja. Mannvirkin henti vel hinni leyfðu virkjun. Framkvæmdirnar brjóti hvorki í bága við lagaheimildir né rétt Laxárvirkjunar til athafna á umráðasvæði sínu og landareign. Megi því ljóst vera, að engin skilyrði séu fyrir hendi til að beita lögbanni gegn framangreindum framkvæmdum Laxárvirkjunar. Þær séu í samræmi við lög, gerðar að fengnu leyfi stjórnvalds, sem eigi fullnaðarákvörðun um veitingu leyfis til þeirra. Framkvæmdirnar raski ekki rétti gerðarbeiðanda á nokkurn hátt. Beri því að synja um framgang lögbannsgerðarinnar og úrskurða Laxárvirkjun málskostnað að mati fógetadómsins úr hendi gerðarbeiðanda.

Röksemdir gerðarþola Norðurverks h/f gegn hinni umbeðnu lögbannsgerð falla mjög í sama farveg og röksemdir Laxárvirkjunar hér að framan. Er því ástæðulaust að endurtaka þær hér.

Niðurstaða fógetaréttarins.

Virkjunarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru byggðar á leyfi raforkumálaráðherra í bréfi til stjórnar Laxárvirkjunar, dags. 23. september 1969, að fenginni umsögn orkumálastjóra.

Stærð hinnar leyfðu virkjunar er innan þeirra marka, sem tiltekin eru í 4. gr. laga nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun. Ráðherra hefur því farið að lögum, er hann veitti virkjunarleyfi þetta.

Það er að vísu ljóst, að þær virkjunarframkvæmdir, sem nú eru hafnar með leyfi ráðherra, eru einungis fyrsti áfangi þeirrar virkjunar, sem hönnuð hefur verið við Laxá (Gljúfurversvirkjun). Áfangi þessi er hins vegar að stærð innan hinna lögleyfðu marka. Óhrakið er, að tæknilega sé unnt að starfrækja hann sjálfstætt. Engin fyrirheit hafa verið gefin af hálfu stjórnvalda um það, að leyfi verði veitt til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir. Þvert á móti er því lýst yfir í bréfi iðnaðar-

ráðuneytisins frá 13. maí 1970, er sent var gerðarbeiðanda og fleiri aðiljum, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu og endanlegar ákvarðanir um vatnsborðshækkun vegna næsta virkjunaráfanga verði ekki teknar, nema að undanegnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxárvæðinu.

Að þessu athuguðu lítur rétturinn svo á, að með áminnztri hönnun virkjunarinnar og fyrirhugaðri gerð fyrsta áfanga, sem ljúka á 1. nóvember 1972, sé hvorki framið réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda né geti það talizt yfirvofandi.

Vegna virkjunar þessarar er hvorki krafizt afhendingar á landi annarra manna né réttindum. Allt verk við byggingu á aflstöðvarhúsi og vatnsgöngum frá stíflu að aflstöðvarhúsi, sem nothæf yrðu, ef stærri virkjun yrði leyfð, verður unnið á landi og athafnasvæði Laxárvirkjunar. Engin breyting verður gerð á vatnsborði eða rennsli Laxár með þessari virkjun. Ekkert er því fram komið í málinu, er renni stoðum undir þá fullyrðingu gerðarbeiðanda, að virkjun sú, sem nú er hafin, muni valda nokkru tjóni á réttindum eða lönðum gerðarbeiðanda.

Með tilliti til þessa verður ekki séð, að margnefndar virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu brjóti gegn rétti gerðarbeiðanda. Ber því að synja um framgang lögbannsgerðarinnar, enda breytir afgreiðsla Stofnlánadeildar landbúnaðarins á lánsúmsóknum tveggja ábúenda í Laxárdal hér engu um, þar sem slíkt er eigi grundvöllur lögbanns í þessu falli, heldur verða viðkomendur að leita réttar síns eftir öðrum réttarfarsleiðum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang framangreindrar lögbannsgerðar. Málskostnaður fellur niður.